

VESTURBÆJAR- BLAÐIÐ

ÞETTA BLAÐ ER EKKI RUSL!
Þegar þú hefur lesið blaðið, skilaðu því í bláa
tunnu eða grenndargám. *Takk fyrir að flokka!*



PAPPÍR
ER EKKI RUSL



5. tbl. 16. árg. MAÍ 2013

**Wilson's
PIZZA**

S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

Slökkvitæki ehf

Hleðsla - Sala - Þjónusta

Helluhrauni 10 - Hfj.
Sími 565-4080

Verslum við litla manninn

**24
Hagkaup**

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

- bls. 4
**Gylfi Dalmann
Aðalsteinsson**
nýr formaður KR

- bls. 6
Hvatningarverðlaun
fyrir framsækið
skóla- og
frístundastarf



Hópurinn leggur af stað í hjólatúr um Vesturbæinn undir stjórn lögreglunnar og aðstoðarskólalæra Hagaskóla.

Hjóladagur Vesturbæjar tókst vel

Laugardaginn 11. maí sl. var hjóladagur Vesturbæjar haldinn í annað sinn við Hagaskóla, en það var einmitt Hagaskóli ásamt Þjónustumiðstöð Vesturbæjar sem hélt utan um þennan viðburð. Dagur þessi er fyrst og fremst til að minna á hversu gott tæki hjólið er sem samgöngutæki.

Ýmislegt var gert sér til gamans en það voru ýmsar þrautir í gangi, Doktor bike kom á staðinn og fór yfir hjólin, aðstoðaði fólk og lagaði eftir þörfum, hjólræiðatúr var tekinn um hverfið og svo voru nokkrir galvaskir sem tóku þátt í hinu svokallaða „tour

de Vesturbær“ en það er stutt og skemmtileg keppni sem er svona meira til gamans gert. Fulltrúar nemenda úr 10. bekk Hagaskóla voru með grillaðar pilsur ásamt fleira góðmeti til sölu í fjáröflunarskyni.

Dagur þessi tóks í alla staði mjög vel og var ekki annað að sjá en að allir höfuð gaman og gagn af þessari uppákomu. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar hvetur alla til að halda áfram að hjóla, ekki bara þá sem komu á hjóladaginn. Svo er afar mikilvægt að vera með hjálm, en mörg dæmi eru þess að þeir hafi forðað stórslysi.



Hjólað af öryggi á bretti.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

**PANTAÐU
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345

**Slökkvitækja-
þjónustan**

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

**Fljótt
og
Gott**

Glæsilegur heimilismatur
alla daga frá 10.30 til 15.00
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is



Melabúðin
þín verslun

TILBOÐ

Gildir fimmtudag-mánudags
16.-20. maí, á meðan birgðir endast

Lambafillet

Ath.: Lokað á hvítasunnudag
Opið annan í hvítasunnu 10-20

með fiturönd
kr. 3.798 kg



Pepsi Max
2 ltr. kr. 169



Jarðarber aðeins kr. 199 askjan

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Geir A. Guðsteinsson, Sími 564 5933, 898 5933

Netfang: geirgudsteinsson@simnet.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

5. tbl. 16. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Breytingar á deiliskipulagi Vesturbuftar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs borgarinnar var lögð fram lýsing vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturbuftar. Skipulag Vesturbuftar afmarkast af Ananaustum í vestri og að Slippnum í austri. Einnig voru kynnt drög að deiliskipulagi svæðisins, en það gerðu arkitektarnir Jakob Línal og Kristján Ásgeirsson.

Breytingar samþykktar að Hávallagötu 9

Byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar hefur samþykkt umsókn Herðisar Þorgeirsdóttur, Hávallagötu 9, en hún sækir um leyfi til byggja við kjallara, koma fyrir svölum á þaki viðbyggingar og rífa niður núverandi bílskúr og byggja nýjan bílskúr með þaksvölum við húsið á lóð nr. 9 við Hávallagötu. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa fylgdi erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að þinglýst verði yfirlýsing um samruna eigna eigi síðar en við foheldi og áskilin er lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Fegurri og betri miðborg

Í sumar verður unnið að miklum endurbótum á Hverfisgötu, Frakkastíg og Klapparstíg. Hjólastígar verða lagðir, gangstéttar endurnýjaðar og hitalögnum komið fyrir. Göturnar verða opnar fyrir umferð gangandi og hjólandi allan framkvæmdatímann. Fyrst verður unnið í akbrautinni og á meðan er fært um gangstéttarnar og þegar akbrautin hefur verið malbikuð verður hún opin gangandi og hjólandi. Meðan unnið er að endurnýjun gangstétta verður göngubrú komið fyrir eftir þörfum til að halda opnu aðgengi að húsum. Umferð bíla verður beint um hjáleiðir og til að raska þeirri umferð sem minnst er framkvæmdunum á Hverfisgötu skipt í tvo áfanga. Framkvæmdirnar eru löngu orðnar tímabærar og taka Hverfisgata og Frakkastígur stakkaskiptum í sumar; m.a. nýtt yfirborð götu og gangstétta, snjóbræðsla verður sett í gönguleiðir, hjólareinar og upphækkuð gatnamót, hjólareinar verða beggja vegna götu og hámarkshraði umferðar verður áfram 30 km/klst.

Rekstur KR

Knattspyrnufélag Reykjavíkur var rekið með 1,1 milljón króna hagnaði fyrir fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld en að teknu tilliti til þeirra er tap af rekstri ársins 13,1 milljón króna samkvæmt ársskýrslu sem samþykkt var á aðalfundi KR. Félagið er þó fjarri því að vera á einhverju flæðiskeri statt, því eignir eru metnar á 1,3 milljarð króna, þar af mannvirki 1,1 milljarður króna.

Opinn fundur um staðsetningu bolta-gerðis við Melaskóla

Á fundi borgarráðs 2. maí sl. var lagt fram að nýju bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. apríl 2013, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs 10. apríl sl., um auglýsingu á tillögu að breytingu deiliskipulags Mela og Grímstaðaholts vegna lóðar nr. 1 við Hagamel, Melaskóla. Borgarráð samþykkir að beina því til hverfisráðs Vesturbæjar að standa fyrir opnum fundi með börnum og foreldrum í hverfinu um staðsetningu bolta-gerðisins og aðstæður barna til útivistar og leikja almennt.

Sambætt hverfapjónusta og hlutverk hverfisráða

Borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna lagði fram svohljóðandi fyrirspurn á fundi borgarráðs: „Þann 26. janúar 2012 skipaði borgarráð starfshóp sem markaði áttí framfariðarsýn um sambætta hverfapjónustu og hlutverk hverfisráða í Reykjavík. Borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna átti ásamt öðrum sæti í hópnum sem vann hratt og vel og virtist vera að nálgast niðurstöðu sumarið 2012. Síðan þá hafa engir fundir verið boðaðir og svo virðist sem áhugi meirihlutans á verkefninu hafi skýndilega dofnað. Borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna óskar eftir minnisblaði frá borgarstjóra um starf hópsins og skýringar á því að engar niðurstöður liggja enn fyrir.“

Hverfisráð Miðborgar fjallar um spennistöðina við Austurbæjarskóla

Kynntar voru niðurstöður úr kosningunni um Betri hverfi 2013 á fundi Hverfisráðs Miðborgar 2. maí sl. Rætt var um tilnefningu fulltrúa hverfisráðs í starfshóp um spennistöðina í samræmi við erindi frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg. Samþykkt var að Daði Ingólfsson verði fulltrúi ráðsins.

Vorhátíð Austurbæjarskóla styrkt

Erindi frá Foreldrafélagi Austurbæjarskóla með ósk um 45 þúsund króna styrk til að halda vorhátíð skólans var lagt fram á fundi Hverfisráðs Miðborgar. Einnig var lögð fram ósk um stuðning gagnvart SFS um að hátíðin fái að vera á laugardegi. Síðara atriðið er leyst og einnig samþykkt að styrkja foreldrafélagið og jafnframt að auglýsa á heimasíðu þjónustumiðstöðvarinnar að hægt sé að sækja um styrki til hverfisráðs fyrir 15. maí og 15. október ár hvert.

Brú yfir Fossvogsdal

Á fundi íþrótta- og tómstundaráðs borgarinnar var lagt fram bréf krifstofustjóra borgarstjórnar þar sem óskað er eftir umsögn um brú yfir Fossvogsdal. Í framhaldi var lögð fram eftirfarandi umsögn meirihlutans: „Fyrir

liggja ítarlegar upplýsingar og gögn um áhrif brúar yfir Fossvog á starfsemi siglingaklúbba í Nauthólsvík og Ylstrandar. Ljóst er að slík brú opnar á marga spennandi möguleika fyrir höfuðborgarsvæðið. Fyrir starfsemi íþrótta- og tómstundaráðs er ýmislegt sem þarf að huga að. Mælt er til þess að vandlega verði farið yfir meðfylgjandi gögn áður en endanleg ákvörðun verður tekin um staðsetningu og fyrirkomulag brúarinnar. Gögnum þessum verði komið til borgarráðs og skýrsluhöfunda.“ Fulltrúar Sjálfstæðisflokks sátu hjá.

Svalir fjarlægðar á Ljósfallagötu 20

Hrafn Gunnarsson, Ljósfallagötu 20 hefur sótt um leyfi til þess að fjarlægja núverandi svalir á annarri hæð og í framhaldi byggja svalir á annarri og þriðju hæð. Jafnframt er gerð grein fyrir núverandi innra fyrirkomulagi íbúða 0201 og 0301 í húsinu á lóðinni nr. 20 við Ljósfallagötu. Ný skráningartafla fylgdi erindinu sem og samþykki meðeigenda sem og samþykki nágranna að Ljósfallagötu 18 og 22. Erindið var grenndarkynnt frá 7. mars til og með 8. apríl sl. en engar athugasemdir bárust. Byggingafulltrúi samþykkti erindið en áskilin er lokaúttekt.

Verða heimilislausir hýstir í Tjarnarsal Ráðhússins?

Á fundi velferðarsviðs borgarinnar 13. maí sl. var lögð fram fyrirspurn fulltrúa Vinstri grænna, Þorleifs Gunnlaugssonar, varðandi fjölda þeirra sem vísað hefur verið frá Gistiskýlinu á þessu ári. Í tillögu Þorleifs segir m.a. að á fyrstu fjórum mánuðum ársins hafi verið um að ræða 137 tilvik þar sem körlum hefur verið vísað frá neyðarskýli borgarinnar. Þetta er mikil aukning frá síðasta ári þegar 24 körlum var vísað frá allt árið. Við svo búið megi ekki standa, því um er að ræða lágmarks mannréttindi. Samkvæmt áætlunum Velferðarsviðs er ekki reiknað með nýju gistiskýli fyrr en eftir 6 – 9 mánuði. Lagt er til að þegar í stað verði fundið bráðbirgðahúsnæði til að leysa vandann. Ef annað kemur ekki í leitirnar er bent á Tjarnarsal Ráðhússins eða þann hluta Hörpu sem ekki er í notkun.

Alþingiskosningar og veðurfar

Nýlokið er alþingiskosningum þar sem fráfarandi ríkisstjórn fékk meiri skell en dæmi eru til um áður. Í þessum kosningum féllu af þingi Vestur- og Miðbæingarnir sem sátu fyrir Reykjavíkurborgardæmin þau Mörður Árnason á Laugavegi, Álfheiður Ingadóttir á Fjólugötu og Skerfirðingurinn Skúli Helgason á Gnitanesi, en áfram sitja á þingi Sigríður Ingibjörg Ingadóttir á Ljósfallagötu, Helgi Hjörvar á Hólavallagötu, Svandís Svavarsdóttir á Hjarðarhaga, Illugi Gunnarsson á Ránargötu, Birgir Ármannsson í Granaskjólí, Össur Skarphéðinsson á Vesturgötu, Valgerður Bjarnadóttir á Skúlagötu, Katrín Jakobsdóttir á Dunhaga og Árni Þór Sigurðsson á Tómasarhaga. Vesturbærinn er líklega ríkastur af þingmönnum hlutfallslega miðað við íbúatölu því nýir þingmenn í hverfinu eru Róbert Marshall á Melhaga sem áður var þingmaður Suðurkjördæmis, Óttarr Proppé á Lindargötu, Björt Ólafsdóttir í Tjarnargötu og Jón Þór Ólafsson í Bergstaðastræti. Auk þess býr einn þingmaður Suðvesturkjördæmis á Nesveginum, Guðmundur Steingrímsson. Það ætti því ekki að vera erfitt fyrir Vesturbæinga að ná í þingmann, eða hvað?

Sigurvegari kosninganna, Framsóknarflokkurinn, hefur þegar þetta er ritað hafið tilraunir til stjórnarmyndunar með Sjálfstæðisflokknum þar sem hagsmunir heimilanna eru í forgangi ef eitthvað er að marka kosningaloforð. Því fagna margir, ekki síst þeir sem eiga í erfiðleikum með að láta enda ná saman í heimilisrekstrinum. Eitt getum við þó verið sammála um, hagar heimilanna verður að batna og vonandi verða tekin upp mannsæmandi vinnubrögð á Alþingi þegar það kemur saman, sú orrahríð og málþóf sem þingmönnum hefur þótt sæmandi að sýna þjóðinni tilheyrir vonandi liðinni tíð. Vonandi er hægt að gera þá kröfu til nýs Alþingis, þar sem 47% þingmanna hefur ekki setið þar áður.

Aprílmánuður var kaldur, jafnvel hægt að segja skítaldur. Meðalhiti í Reykjavík mældist 1,9 stig og er það 1,0 stigi undir meðallagi árána 1961 til 1990, en 2,4 stigum undir meðallagi síðustu tíu aprílmánaða. Svona kalt hefur því ekki verið í aprílmánuði í Reykjavík síðan árið 2000. Úrkoma í Reykjavík mældist 41,8 mm og er það um 70% meðalúrkomu í apríl. Sólskinsstundir í Reykjavík mældust 229,1 og er það 89 stundum umfram meðallag og hafa sólskinsstundir aðeins einu sinni mælst fleiri í Reykjavík í apríl. Það var árið 2000 en þá mældust sólskinsstundirnar 242,3. Snjólétt var á landinu sunnan- og vestanverðu en töluverður snjór norðaustanlands. Alhvítir dagar voru aðeins tveir í Reykjavík sem er í tæpu meðallagi. Flest ætti að benda til að þessar breytingar eigi rætur að rekja til hækkunar hitastigs á jörðinni en það kann jafnvel að leiða til að veturnir verði kaldari en sumrin heitari en í meðallagi. Það er a.m.k. hægt að vona það hvað varðar hitastigið að sumarlagi svo hægt sé að njóta þessa stutta sumars sem við fáum hér á norðurslóðum.


Gleðilegt sumar!


Geir A. Guðsteinsson

Vesturbæingar



Prettán þingmenn í Vesturbænum! Hlýtur að vera heimsmet miðað við höfðatölu.




PRODERM
SUNSCREEN

Langvirk sólarvörn

þróuð fyrir **viðkvæma**
norræna húð

Besta sólvörnin í óháðum prófunum

Proderm er byltingarkennd sólarvörn sem líkist ekki neinni annari sólarvörn. Polir, sund, sjó og handklæðapurkun.

Myndar einstaka rakafyllta vörn í húðinni sem líkist varnarkerfi húðarinnar. Heldur húðinni mjúkri og lagar húðpurk fljótt, veitir hámarksvörn gegn húðskaða og húðöldrun. Engin fita eða glansáferð.

Fyrir allar húðgerðir, börn og fullorðna. Meðmæli húðlækna.

Ekkert paraben, ilmefni eða nanótækni. www.proderm.is

Útsölustaðir: Apótek, Hagkaup, Fjarðarkaup, Fríhöfnin, Græn heilsa.



BÄST-i-TEST.se



„Ég mun beina sjónum í fyrstu að aðstöðu félagsins, það er brýnasta verkefnið“

- segir nýkjörinn formaður KR, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

A síðasta aðalfundi Knattspyrnufélags Reykjavíkur lét Guðjón Guðmundsson af formennsku eftir 10 ára dygga þjónustu við félagið en í hans stað var Gylfi Dalmann Aðalsteinsson kosinn formaður. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson er 49 ára, kvæntur Magneu Davíðsdóttur skjalastjóra hjá VR og saman eiga þau fjögur börn. Gylfi starfar sem dósent í mannauðsstjórnun við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Gylfi ólst upp á Framnesveginum, móðir hans er Vesturbæingur, ólst upp í Akurgerði þar sem dvalarheimilið Grund er í dag, en síðar á Vesturgötunni og Skothúsvægi, en síðar á Ljósvallagötu og Ránargötu. Pabbi hennar, afi Gylfa, var Erling Ólafsson söngvari og bræður hans Sigurður Ólafsson söngvari og hestamaður sem lengst af bjó inni í Laugarnesi og Jónatan Ólafsson tónlistarmaður. Árið 1963 fluttu foreldrar Gylfa austur fyrir læk, en pabbi Gylfa er fæddur á Akranesi en flutti á mölina 8 ára gamall og bjó fyrst í stað á Vesturgötu 24. Fyrstu ár ævi Gylfa voru því fyrir austan læk en árið 1972 er aftur flutt vestur fyrir læk, í Vesturbæinn.

„Ég hóf að æfa með KR strax og ég hafði aldur til og var öllum stundum í fótbolta, ekki síst á „Framnesvellinum“ þar sem margir þekktir KR-ingar slitu „knattspyrnuskónum.“ Eftir æfingar var oft farið í verslunina Svalbarða og fengin einhver hressing. Skólaganga mín var því einnig í Vesturbænum, fyrst í Melaskóla og Hagaskóla og síðan í Menntaskólann í Reykjavík og loks í Háskólann, þessi hefðbundna menntunarleið margra KR-inga. Frá árinu 2000 hef ég starfað við HÍ svo starfsaðstaða mín síðustu 13 ár hefur verið í Vesturbænum.“

Áður en leiðin lá til kennslu í HÍ vann Gylfi sem ráðgjafi hjá Hagvangi, síðan hjá VR. Þó ekki sé verið að líkja Gylfa við Erlend Ó Pétursson, fyrrum formann KR, þá starfaði Erlendur lengi sem formaður VR, en Gylfi segir tímann hjá VR hafa verið mjög góðan og lærdómsríkan. Frá VR lá leiðin til IMG, nú Capacent.

Á miðjunni í yngri flokkunum

Gylfi spilaði fótbolta með öllum aldursflokkum KR, í yngri flokkunum alltaf á miðjunni en þegar hann var 17 ára fékk hann tækifæri til að æfa og spreya sig með meistaraflakki KR en þá var þjálfari hjá KR Manfred Stevens. „Þessi þjálfari tók okkur ungu mennina strax inn í hópinn og ég var kominn í varamannahópinn í bikarleik í Vestmannaeyjum. Þegar ég gekk upp úr 2. flokki vildi ég spreya mig með meistaraflakki en eins og algengt er með unga menn eru þeir oft óþolinmóðir svo ég lagði eiginlega skóna á hilluna. En á þessum tíma voru margir vinir mínir að spila með Gróttu, m.a. bróðir minn Erling Ljósmyndari, og við spiluðum um tíma saman með Gróttu. Árið 1987 ákvað ég að mæta aftur á æfingar hjá KR en þá var þjálfari Gordon Lee. Undir hans stjórn spilaði ég minn fyrsta leik í meistaraflakki sem var í Reykjavíkurmótinu 1987 gegn Víking, og mig minnir að við höfum unnið 4:1. Erling bróðir lék einnig þann leik og skoraði þrjú



Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, formaður KR.

mörk. Þegar komið var upp í meistaraflakki var ég farinn að spila í vörninni, en fékk fá tækifæri fyrir en í síðasta leik um haustið gegn Víði Garði, og fór leikurinn fram suður í Garði. Það var minn fyrsti leikur í efstu deild karla. Ég lék svo árin 1988 og 1989 með KR undir stjórn Ian Ross en þá var ég farinn að hafa minni tíma til að spila fótbolta, farinn að huga að framhaldsnámi, í vinnu og að stofna fjölskyldu. Ég hef eitthvað verið að gutla í fótbolta síðan, svona með old boys en held fyrst og fremst sambandi við hópanna sem ég spilaði með hjá KR, þ.e. strákar sem eru fæddir 1964 til 1966 en við hittumst alltaf á haustin og bjóðum gömlu þjálfurunum okkar í smá teiti. Þar má nefna Heimi Guðjónsson markvörð, Gumma P. markvörð, Einar Svein Árnason, Gísli Jón Magnússon og fleiri. Þetta er skemmtilegur síður sem við viljum alls ekki leggja af.“

Ógleymanlegur leikur gegn Tindastóli í bikarkeppninni

- Þegar þú lítur til baka til þessara ára þinna með KR, er einhver leikur minnistæðari en annar?

„Kannski nokkrir leikir, en í meistaraflakki er með afar minnistæður leikur á móti Tindastóli. Við höfðum tapað fyrir þeim árið áður í 16 liða úrslitum í bikarkeppninni 4:3, en árið eftir fór leikurinn á Sauðárkróki í framlengingu og vítakeppni sem við höfðum sigur í. Það var afar gott að þurfa ekki að tapa fyrir þeim tvö ár í röð. Tindastóll reyndist okkur afar erfiður andstæðingur enda margir góðir knattspyrnumenn í þeirra hópi, m.a. var Eyjólfur Sverrisson að hefja sinn feril. Í vítakeppninni átti ég að vera sá sjötti að taka víti, hafði ekki tekið víti síðan í 4. flokki í leik gegn Víkingi í Hæðargarði, og brennt af! En til minna kasta kom ekki, KR var búið að vinna eftir 5 vítaspyrnur.

Mér er líka minnistæður leikur gegn Þór á

Akureyri í 2. flokki, en við gleymdum búningunum og spiluðum gegn Þór að mig minnir í KA-búningum. Það var afar einkennilegt því strax í æsku var manni innprentað að bera virðingu fyrir KR-búningnum. Ian Ross þjálfari ræddi við okkur um það hvað búningurinn þýddi og eitt sinn sá hann KR-treyju á gólfinu og þá ræddi hann góða stund um að það væri eitthvað sem alls ekki gengi.

Uppeldislegt hlutverk félagsins er mikil, mótast mann sem ungling, bæði í gleði og sorg.“

- Ertu duglegur nú í seinni tíð að fara á heimaleiki KR í fótbolta?

„Já. Ég var í stjórn KR-sport í nokkur ár þegar Pétur Pétursson, David Winnie og Willum Þór Þórsson voru þjálfarar en við Willum Þór spiluðum saman í yngri flokkunum. Árið 1998 flytur fjölskyldan í Mosfellsbæ, þá orðinn fimm manna fjölskylda, en á þeim tíma var afar erfitt um vik að fá húsnæði í Vesturbænum, sem ég hefði þó helst viljað. Þrátt fyrir að krakkarnir væru að æfa og spila með Aftureldingu vorum við afar dugleg við að fara á leiki KR í Vesturbænum, og það höfum við gert í mörg ár. Þrátt fyrir að hafa æft handbolta með Aftureldingu eru krakkarnir miklir KR-ingar. Nú bý ég í Víkingshverfinu, í Langagerði, þannig að við erum að færa okkur smám saman aftur vestur eftir! Ég held að það sé mikilvægt að formaður KR sé í göngufæri frá félagsvæðinu í Frostaskjól, sé þess einhver kostur, og sé þannig í meiri tengslum við starfið. Ég vinn í dag í Vesturbænum, sem er skref í þá átt.“

- Nú er Íslandsmótið í knattspyrnu nýhafið. Ég geri ráð fyrir að þú spáir þínum mönnum sigri, er ekki svo?

„Það er mikil gróska í fótboltanum um allt land. 1. deildin er orðin býsna öflug og þar eru mörg lið sem mundu sóma sér vel í efstu deild. Í efstu deild verður mikil samkeppni

Undir stjórn Gordon Lee spilaði ég minn fyrsta leik í meistaraflakki sem var í Reykjavíkurmótinu 1987 gegn Víking, og mig minnir að við höfum unnið 4:1. Erling bróðir lék einnig þann leik og skoraði þrjú mörk. Þegar komið var upp í meistaraflakki var ég farinn að spila í vörninni, en fyrsti leikur minn á Íslandsmóti var um haustið gegn Víði Garði.

í sumar, það sýnir byrjun mótsins. Þetta verður mjög jafnt mót, jafnvel jafnara en oft áður og liðin eiga eftir að reita stig hvert af öðru. Mér líst mjög vel á alla umgjörð utan um KR-liðið, hópurinn þéttur og stendur vel saman og við erum með góðan þjálfara, og það er gott að fá Brynjar Björn aftur í raðir okkar KR-inga. Reynsla hans á eftir að nýtast liðinu og ekki síst yngri knattspyrnumönnum. En við KR-ingar erum í þessu allir saman. Allar spár í upphafi móts eru mjög vafasamar. KR hefur oft verið spáð sigri, en það ekki alltaf gengið eftir. Nú er þeim spáð 2. sæti, og ég held að það sé bara gott. Lið eins og Breiðablik, FH og ÍBV koma sterk til leiks, og gætu komið á óvart. Stundum koma einhver „spútnik-lið“ á óvart, sem gerir mót-ið venjulega bara skemmtilegra. Þetta verður jafnt og þétt mót og kannski ráðast úrslit ekki fyrir en í síðustu umferðinni.“

- Hefur formaðurinn mætt á leiki í öðrum íþróttagreinum en fótbolta sem stundaðar eru innan félagsins?

„Já, ég æfði sjálfur körfubolta og handbolta en varð að hætta 12 ára vegna meiðsla. Ég hef fylgst mjög vel með körfunni og náttúrulega öllu því sterka starfi sem fer fram inn KR.“

Gildi íþróttá í uppeldi er síst ofmetið

- Verða einhverjar breytingar á stjórn KR með nýjum formanni?

„Það er gríðarlega mikil heiður að fá að taka við formennsku í KR. Maður sér hverjir hafa verið að varða leiðina í heila öld, menn eins og Guðjón Guðmundsson, Kristinn Jónsson, Sveinn Jónsson, Einar Sæmundsson, Erlendur Ó. Pétursson og fleiri sem hafa verið að bera kyndilinn. Ég mun beina sjónum í fyrstu að aðstöðu félagsins, það er brýnasta verkefni nýs formanns og nýrrar stjórnar. Það þarf að ná samkomulagi við borgaryfirvöld um það hvernig hægt er að mæta aukinni þörf barna og unglinga að æfingarsvæðum félagsins og hvernig hægt er að fá aukið olnbogaráymi. Gildi íþróttá í uppeldi er síst ofmetið, forvarnarstarfið er afar mikilvægt og það er mjög brýnt að bæta aðstöðu KR. Að því er þegar stefnt leynt og ljóst,“ segir Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, formaður KR.

SKIPTU UM SKOÐUN

Það er ódýrara.

Tékkland	8.945
Aðalskoðun	10.320
Frumherji	9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 15. apríl 2013



TÉKKLAND

Bifreiðaskoðun

Norræna húsið og Cirkus Xanti kynna:

**VOL
CAN
O**

**Sirkushátíð
í
Vatnsmýrinni**

**4.-14.
Júlí
2013**

**Miðasala
á
midi.is**

Cirkus Cirkör

sýnir *Wear it Like a Crown* í Borgarleikhúsinu

Cirkus Xanti

Burnt out Punks

Sirkus Íslands

Fidget Feet - Kallo Company

Animal Religion Show - Pain Solution Kabarett

Ron Beerí - Frida - Tumble Cirkus - Betti Combo

Sirkusnámskeið fyrir börn og unglina

Sex sirkustjöld,
magnaðar sirkussýningar fyrir alla
fjölskylduna,
kaffihús,
götuleikhús, tónleikar, miðnætur-
kabarett, og skeggjaða konan!

Frítt er inni þorpið sjálft þar sem sirkuslífið
er í fullum gangi allan daginn.

**Miðasala á midi.is,
Norræna húsinu og
Borgarleikhúsinu
á sýningu Cirkus Cirkör.**

MIKLABORG

Vantar rúmgott einbýlishús í Vestubænum

Fasteignasöluinni Miklaborg hefur verið falið að leita að einbýlishúsi í vestubænum eða Skerjafirði fyrir ákveðinn kaupanda Verðhugmyndir 90-120 millj. Um er að ræða sterkar greiðslur og rúman afhendingartíma fyrir réttu eignina.



Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason, Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is sími: 822 2307



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
MIKLABORG Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Hvatningarverðlaun fyrir framsækið skóla- og frístundastarf: Leikskólinn Sæborg og Vesturbæjarfléttan hlutu viðurkenningu



Fulltrúar Vesturbæjarfléttunnar sem mættir voru í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Jón Gnarr borgarstjóri, Oddný Sturludóttir formaður skóla- og frístundaráðs og Eva Einarsdóttir, formaður íþrótt- og tómsundaráðs, afhentu sl. mánudag hvatningarverðlaun fyrir framsækið fagstarf í skólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar. Þrenn verðlaun voru veitt á hverju fagsviði; til leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs, alls 9 viðurkenningar. Leikskólinn Sæborg í Vesturbæ hlaut hvatningaverðlaun fyrir verkefnið, Okkar Sæborg, og Vesturbæjarfléttan, sem er samstarf allra leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila í Vesturbæ hlaut einnig viðurkenningu. Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs voru nú í fyrsta sinn veitt samtímis fyrir metnaðarfullt fagstarf í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar. Markmið þeirra er að vekja athygli á því gróskumikla skóla- og frístundastarfi sem unnið er af starfsfólki og á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs og hvetja til nýbreytni- og þróunarstarfs.

Börnin á Sæborg hafa unnið verkefni samhliða listamanni sem byggir vinnu sína á hugmyndum barnanna sem eru virk í efnistöku og úrvinnslu. Leitað er eftir hugmyndum barnanna um þrívítt verk sem listamaðurinn vinnur og sett verður á lóð leikskólans.

Verkefnið er stórkostlegt og tekur skapandi vinnu upp á nýtt og serra plan. Það gerir kröfu til barnanna um virka þátttöku og úrvinnslu og er spennandi áskorun. Verkið er unnið í Listaháskóla Íslands og það er unun að fylgjast með börnunum „tækla“ þetta verkefni. Vanfundið er metnaðarfyllra og yfirgrípsmeira verkefni



Þróunarverkefnið „Okkar Sæborg“ hlaut viðurkenningu. Þær Soffía Þorsteinsdóttir leikskólalastjóri tv. og Auður Ævarsdóttir aðstoðarleikskólalastjóri tóku við viðurkenningunni ásamt myndlistamanninum Daða Guðbjörnssyni sem kom að verkefninu. Verðlaunagripirnir eru eftir listakonuna Ingibjörgu H. Ágústsdóttur.

á leikskólalastigi, enda mundi verkefnið sóma sér vel á hvaða skólalastigi sem er.

Allir leikskólar, grunnskóla og frístundasmíðstöðvar í Vesturbæ fá viðurkenningu fyrir samstarfsverkefnið Vesturbæjarfléttuna en ummsjónarmenn með þessu verkefni eru allir stjórnendur á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs í hverfinu. Stuttu eftir stofnun skóla- og frístundasviðs ákváðu stjórnendur í Vesturbæ að skoða möguleika á samstarfi í takt við nýja stefnu í skóla- og frístundamálum. Síðan hefur verið haldinn sameiginlegur starfsdagur allra starfsmanna skóla- og frístundasviðs í Vesturbæ þar sem starfsmenn hittust og mynduðu fagleg og persónuleg tengsl. Um 500 manns mættu, hlýddu á fyrirlestra og sóttu smíðjur. Um kvöldið var svo sameiginlegur dansleik-

ur til að „styrkja tengslin.“ Meðal annarra samstarfsverkefna sem heyrta undir Vesturbæjarfléttuna má nefna Vesturbæjarlestur sem var sameiginlegt þemaverkefni í hverfinu í tengslum við bókmenntaborgina Reykjavík. Skipulagðar heimsóknir barna tengdar skólalastarfi hafa aukist og ýmis þematengd verkefni hafi verið í hverfinu þvert á stofnanir, tengd mannréttindum, barnasáttmála SP, lýðræði, einelti o.fl. Skóladagatöl fyrir hverfið í heild hafa verið unnin bæði fyrir árið 2012 og fyrir næsta skólaár. Starfið er einsdæmi á borgarvísi. Það þróunarstarf sem unnið hefur verið í Vesturbæ gæti verið hvetjandi fyrir önnur hverfi að vinna meira saman. Það er einróma álit stjórnenda að samstarfið leiði af sér góða hluti, skapi aukið traust og félagsauð í hverfinu.

SUMARNÁMSKEIÐ 2013

Námskeið í júní og ágúst
Skráning á vef skólans
www.myndlistaskolinn.is

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

www.borgarblod.is

Long Repair Sjampó og hárnæring

Inniheldur Babassu oliu sem styrkir og nærir hárið, fíjótandi keratín sem gefur mikla mýkt og kemur í veg fyrir að endar klovni.



Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

Nýir heitir pottar við Vesturbæjarlaugina



Þannig mun Vesturbæjarlaug líta út eftir endurbæturnar samkvæmt teikningu arkitektastofunnar Hornsteina. Sjónarhorn myndarinnar er úr vestri og horft er yfir tjörn í átt að kaffistofu.

Borgarráð hefur heimilað umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við gerð nýrra heitra potta við Vesturbæjarlaug. Áætlaður kostnaður er um 120 milljónir króna. Fyrirhugaðir pottar samanstanda af vaðpotti fyrir börn með leiktækjum, nuddpotti og hvíldarpotti. Á milli nudd og hvíldarpotta verður einnig komið fyrir herða- og iljanuddi. Komið verður fyrir jarðhýsi við pottana sem hýsir hreinsitæki og fleira. Núverandi sundlaugarsvæði verður rýmkað til

að sólar njóti sem best við pottana og nýjar girðingar verða reistar í kringum pottana. Vatnsyfirborði potta er lyft um 45 cm frá laugarbakka til að auðvelda aðgengi fatlaðra. Einnig verður unnið að viðhaldi við búningsklefa kvenna en þar verða steypiböð og þurrksvæði endurnýjuð. Áætlaður kostnaður við það er 35 milljónir króna. Ráðgert er að hefja framkvæmdir við laugina í lok maímánaðar en þeim á að ljúka í októberlok.


SALON REYKJAVÍK

KYNNIR HÁRLIT **ÁN** AMMONÍAKS, PARABENS, FORMALDEHYDE, RECORCINOL EÐA PLASTS

organic color systems

- ÞEKUR GRÁTT HÁR 100%
- FALLEGUR LITUR
- SKEMMIR EKKI HÁRIÐ
- FRÁBÆR GLANS
- ENDINGAGÓÐUR
- LÍFRÆNT VOTTUÐ INNIHALDSEFNI* (SOIL ASSOCIATION)
- STENST KRÖFUR UM VEGAN (PETA VOTTAD)
- EKKI PRÓFAD Á DÝRUM (PETA VOTTAD)

*(SUM EFNI)



SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐI 5 101 REYKJAVÍK
OPIÐ MAN-FÖS: 9-18 LAU: 10-13 SÍMI: 56 85 305

Vesturbæjarblaðið www.borgarblod.is



Hrein lífræn næring

- sem gefur hreysti, orku og einbeitingu



Fæst í apótekum, Hagkaup, Krónunni, Græn heilsa og heilsubúðum. - www.celsus.is

Engin málamiðlun í gæðum - Engin tilbúin efni
Líkaminn tekur upp og nýtir næringuna sem hreina fæðu

Lifestream fyrir allt afreksfólk í lífinu - í vinnu, skóla og íþróttir

Róðrakapparnir sem róa í heilan mánuð frá Noregi til Íslands nota Lifestream bætiefni, Landslið kvenna í íshokki treysti á Lifestream bætiefni. Leikmenn meistarflokks KR treysta gæðum Lifestream.



Viðamikil vorsýning á Aflagranda



Lilja Huld Sævars með teppi sem hún hefur unnið að í vetur.

Handverkssýning var vönduðustu gerð stóð yfir í síðustu viku í félagsmiðstöðinni Vesturreitum á Aflagranda.

Þessu vorsýning er eins konar uppgjör eftir veturinn, þar mátti sjá handverk alls konar, teppi,

saumaskap, tréútskurð, málverk og margt fleira. Ljóst er það er ekki slegið slöku við hjá þeim sem sækja Vesturreiti yfir vetrarmánudögnina, og margt af því sem þarna mátti berja augum eru hrein listaverk.



Hand málað postulín sem er listavel gert.

Grettisgata 1947 og 2013:

Stöðubrot hafa stöðugt fylgt bílaumferð á Íslandi

Stöðubrot í Reykjavík eru ekki ný af nálinni, en þó hefur þokast í rétta átt í þeim efnum. Stöðubrot eru einnig algengust kringum knattspyrnuvelli þegar þar fer fram spennandi knattspyrnuleikur. Dregið hefur úr stöðubrotum í tengslum við við landsleiki á Laugardalsvöllinum og má það e.t.v. þakka ítrekuðum filmælum lögreglunnar. Vonandi verður framhald á því enda er batnandi mönnum best að lifa. Til gamans birtum við hér mynd úr umferðinni í Reykjavík á því herrans ári 1947, en þetta var algeng sjón á þeim tíma.

Upp úr 1960 kom í umferðarlög að leggja bæri bifreiðum í akstursstefnu. Árið 1947 var vinstri umferð á Íslandi og þannig að bifreiðum sem á myndinni er lagt hægri megin framman við KRON-búðina miðað við akstursstefnu er ekki ólöglega lagt miðað við þágildandi umferðarlög. Vegalög voru staðfest árið 1907 og kváðu þau á um að vinstri umferð væri í gildi á Íslandi. Var sú ákvörðun tekin með tilliti til kvenna, sem riðu í söðli, en þær höfðu báða fætur á vinstri hlið hestsins og hentaði vinstri umferð því betur. Hægri umferð gekk í gildi 26. maí 1968.



Á Grettisgötu 1947. Lagt upp á gangstétt, í báðar áttir sem reyndar var ekki bannað á þeim tíma, en fólk gengur á götunni þar sem bílum er lagt kyrfilega upp á gangstéttar.



Grettisgata 2013, og enn er lagt ólöglega eins og ekkert sé sjálfsagðara.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.



Snjallt að kíkja á okkur á adal.is

HJÁ AÐALSKOÐUN ERT ÞÚ Í GÓÐUM HÖNDUM

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjaneshæ. Paulreyndir og þjónustuliprir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum. **Hlökkum til að sjá þig!**

Aðalskóðun, faggildur skoðunaraðili í 19 ár

Við getum minnt þig á þegar þú þarft að láta skoða bílinn á næsta ári. Skráðu þig á póstlistann hjá okkur þegar þú kemur með bílinn í skoðun og þú gætir unnið **200 lítra eldsneytisúttækt**.

Opíð kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900

Aðalskóðun

Reykjavík
Grjóthálsí 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjaneshæ
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is og www.adal.is

Enginn battavöllur í Vesturbæinn í ár!

Ekki stendur til að leggja battavöll í Vesturbænum í ár þrátt fyrir að hverfið sé hið eina í borginni þar sem enginn slíkur völlur er á skólalóð. Kjartan Magnússon borgarfulltrúi tók málið upp á fundi borgarráðs 2. maí sl. og í bókun lýsti hann yfir furðu og vonbrigðum með að ekki væri fyrirhugað að leggja battavöll í Vesturbænum á árinu 2013 þrátt fyrir ítrekaðar tillögur Sjálfstæðisflokksins þar að lútandi. „Enn einu sinni skal minnt á að Vesturbæinn er nú eina hverfi borgarinnar þar sem enginn battavöllur er á skólalóð og því er löngu orðið tímabært að bætt sé úr því. Í nokkrum hverfum eru nú komnir battavöllir á allar skólalóðir og önnur hverfi eru langt komin,” segir í bókun Kjartans.

Battavöllur er upphitaður og upplýstur sparkvöllur með gervigrasi. Á undanförunum áratug hefur verið lögð áhersla á að leggja slíka velli á skólalóðir í Reykjavík enda njóta þeir mikilla vinsælda hjá yngstu kynslóðinni. Er nú svo komið battavöllir hafa verið lagðir á lóðir 26 almennra grunnskóla af 34 í borginni og tveir bættast við í sumar. Battavöllir eru t.d. komnir á allar skólalóðir í Árbæjarhverfi, Breiðholti, Grafarholti og fleiri hverfum og önnur eru vel á veg komin. Vesturbæinn er hins vegar eina hverfi borgarinnar þar sem enginn battavöllur

hefur verið lagður á skólalóð og ekki stendur til að bæta úr því í ár. Af átta skólalóðum þar sem enn vantar slíka velli eru fjórar í Vesturbænum.

Á árunum 2008-10 var Kjartan formaður Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur og beitti hann sér þá fyrir breytingu á deiliskipulagi skólalóða í Vesturbænum svo unnt væri að koma battavöllum fyrir þar. Segir Kjartan að áformað hafi verið að fyrsti battavöllurinn yrði lagður á skólalóð í hverfinu á árinu 2010 og þannig komið til móts við óskir barna og unglinga í hverfinu. Hafi m.a. verið leitað álits fagaðila hjá Íþróttabandalagi Reykjavíkur og menn verið á einu máli um að Vesturbæinn væri efstur á forgangslistanum. „Eftir að meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar tók við sumarið 2010, var hins vegar skýringarlaust horfið frá þeim fyrirætlunum að leggja nýjan völlum í Vesturbænum. Við sjálfstæðismenn höfum haldið málinu vakandi allt þetta kjörtímabil og óskað eftir því að úr þessu yrði bætt en því miður talað fyrir daufum eyrum. Á umræddum fundi skoraði ég á meirihlutann að taka tillit til löngu samþykkrar forgangsröðunar vegna staðsetningar battavalla og sjá til þess að slíkur völlum verði lagður í þágu barna og ungmenna í Vesturbænum á árinu 2013,” segir Kjartan Magnússon.

Lítill völlum við Melaskóla?

Þrátt fyrir að breytingar á deiliskipulagi, sem heimila lagningu battavalla á lóðum Vesturbæjarbæjarskóla og Grandaskóla, hafi verið samþykktar árið 2009 bólar ekkert á slíkum völlum. Hönnunarvinna vegna battavalla við Melaskóla hefur gengið hægt og samþykkt borgarráð nú í maí að tillaga skipulagsráðs um legu hans yrði sett í auglýsingu. Á fundi borgarráðs gerði Kjartan athugasemdir við bæði stærð og legu vallarins. „Ég lýsti yfir furðu minni á því að á teikningunni



Battavöllur eins og sá sem krakkar í Vesturbænum fara á mis við. Þessi er við Langholtsskóla.

skuli einungis gert ráð fyrir battavelli af minni gerðinni (13x23 metrar) en ekki af fullri stærð (18x33 metrar) eins og er við flesta skóla. Melaskóli er fimmti fjölmennasti grunnskóli borgarinnar og skólalóð hans rúmar með

sóma battavöll í fullri stærð. Þá er lega fyrirhugaðs vallar í ósamræmi við núverandi íþróttavelli á lóðinni og verður ekki betur séð en færanlegar kennslustofur þar séu látnar ráða legunni.”

JÓGA & HEILSA

Námsskeið fyrir konur á Aflagrandu 40

Jógaleikfimi, mjúkar æfingar, góðar teygjur, öndun og slökun.

Jóga liðkar og styrkir líkamann, er gott gegn vefjagigt og eykur almenna andlega og líkamlega vellíðan.



Réttindi frá British School of Yoga og Yoga studio.

Skráning hjá Hildi B. Eydal jógakennara • Gsm: 8644476

Aðra hvora helgi í allt sumar

Skerjafjörður - Hagar - Melar

Ís fyrir alla



Ís fyrir fólk með ofnæmi, sykursýki, mjólkuróþol og þá sem eru að passa upp á línurnar.

Bara í Ísbílunum



Margar gerðir af gómsætum ís sem fæst hvergi nema í Ísbílunum.

Heitasti pinni Ísbílsins



THE ORIGINAL
TURKISK PEBER

Sjá nánar áætlun og vörurval á www.isbillinn.is



Við erum á Facebook
www.facebook.com/isbillinn



www.isbillinn.is



- SUMARIÐ



Karalið KR sumarið 2013. Þjálfari er Rúnar Kristinsson og aðstoðarþjálfari Pétur Pétursson. Fyrirliði er Bjarni Guðjónsson. KR vann Stjörnuna í fyrsta leik Íslandsmótsins 2:1 og lék síðan við Keflavíkurliðið suður með sjó og fór sá leikur 2:0 fyrir KR. Liðið byrjar því vel í PEPSI-deild karla. Næsti leikur er í kvöld, 16. maí, gegn Þór í Frostaskjólínu.



Kvinnalið KR sumarið 2013, en það leikur nú í 1. deild eftir fall úr úrvalsdeild kvenna sl. haust. Stelpurnar ætla sér ekkert annað en að fara aftur upp í úrvalsdeild að ári, en fyrir því þarf að hafa því mörg góð lið eru nú í 1. deild kvenna sem einnig ætla sér sæti í úrvalsdeildinni. Þjálfari er Björgvin Karl Gunnarsson en fyrirliði er Sonja Björk Jóhannsdóttir. Fyrsti leikur KR-kvenna er 23. maí nk. í Frostaskjólínu gegn Grindavík.

ÁFRAM KR!

Þjálfarar, fyrirliðar og forsvarsmenn liðanna í PEPSI-deildum karla og kvenna hittust fyrir skömmu þar sem birt var spá þjálfara og fyrirliða þessara liða um gengi þeirra á komandi sumri. Karliði KR var spáð 2. sætinu en FH sigri. Næst á eftir KR í spánni kemur lið Breiðabliks. Vel gæti svo farið að baráttan um sigurinn í deildinni stæði einmitt milli þessara liða. KR-ingar urðu Íslandsmeistarar 2011 og ætla sér ekkert minna en sigur á Íslandsmóttinu, PEPSI-deild karla á þessu sumri. Kvinnalið KR leikur í 1. deild kvenna eftir fall úr PEPSI-deild kvenna haustið 2012 og ætla sér ekkert annað en að fara aftur upp í PEPSI-deildina sumarið 2014. Með góðum stuðningi af áhorfendapöllumunum ætti gengið að verða gott, einnig hjá kvinnaliðinu, og hér með eru KR-ingar hvattir til að mæta einnig vel á leiki kvennanna. Sigurinn í fyrstu umferð gegn Stjörnunni sýnir að PEPSI-deild karla getur orðið jöfn því sá sigur var hreint ekki auðsöttur, öll

liðin gætu verið að taka stig af hvert af öðru í allt sumar, líka nýliðarnir frá Þór Akureyri og Víkingi Ólafsvík sem auðvitað gerir mótið bara skemmtilegra en kætir auðvitað ekki stuðningsmenn þess liðs sem er að tapar leik. Það má því búast við skemmtilegu knattspyrnusumri, eins og reyndar oftast áður og allt eins víst að úrslit ráðist ekki fyrr en í lokaumferðinni í haust.

Áhugi á KR-liðinu er alltaf mikill en það er margt annað í gangi í KR þó svo að ekki beri eins mikið á því. Félagið sinnir gríðarlega mikilvægu félags-, uppeldis- og ekki síður forvarnarhlutverki fyrir hverfið. KR svæðið tekur á móti stærstum hluta barna og ungmenna Vesturbæjar í hverri viku og hefur gert í rúma öld. Í tilefni fertugsafmælis KR árið 1939 ákváðu nokkrir framsýnir eldhugar að kaupa mýrasvæði og og byggja upp íþróttasvæði fyrir félagið. Þessi aðstaða hefur gert Vesturbæinn að fyrirmyndarhverfi til íþróttar. Stærsta

vandamálið í dag er að íþróttastaðan í Vesturbænum er ekki nógu góð, ekki nóg rými. Vesturbærinn hefur orðið útundan í uppbyggingu Reykjavíkurborgar undanfarin ár, m.a. hafa engir battavellir risið við grunnskólana í hrópandi ósamræmi við uppbygginguna í öðrum hverfum borgarinnar. Þjóðarbókhlada var reist á Melavellinum og þar er einnig að rísa Hús íslenskra fræða, Framnesvöllurinn vék fyrir nýjum Vesturbæjarskóla, Háskólavöllurinn fór undir bílastæði og íþróttasvæði á Landakotstúni var breytt í eins konar listigarð, en sem fáir sækja. Á sama tíma og önnur íþróttafélög hafa komið upp glæsilegri aðstöðu og mikil uppbygging hefur verið í öðrum hverfum borgarinnar hefur ekkert komið í staðinn fyrir aðstöðuna sem Vesturbærinn hefur misst. Skorað er á borgaryfirvöld að sinna þörfum „Vesturbæjarstórveldisins“ eins og félagið og KR-ingar eiga skilið.

Áfram KR!

Hverjir verða Íslandsmeistarar í knattspyrnu karla?

Íslandsmótið í knattspyrnu karla, PEPSI-deildin, er hafin sem kunnugt er, leiknar hafa verið tvær umferðir og sú þriðja hefst í kvöld, fimmtudag. Mót- ið verður eflaust jafnt og spennandi og allt eins víst að úrslit ráðist ekki fyrr en í lokaumferðinni í lok septembermánaðar. Nýliðarnir, Þór Akureyri og Víkingur Ólafsvík, verða eflaust erfir heim að sækja þegar þeir eru búnir að ná úr sér mesta byrjendahölinum. Til gamans spurðum við nokkra valinkunna knattspyrnuáhugamenn hvaða lið þeir teldu vera sigurstranglegast þetta sumar.

Breiðabliks verði Íslandsmeistarar, litlar breytingar hafa orðið á liðinu milli ára og því er stöðugleikinn talsverður. FH-ingar gæti einnig orðið sterkir, þeir hafa hefðina og góða leikmenn. Þetta verður ekki sumar KR, liðið hefur ekki burði til að standa uppi sem sigurveggar, það er eitthvað los á liðinu, leikmenn hafa viljað fara, og það kann aldrei að vísa á eitthvað gott. ÍBV-liðið gæti orðið spennandi, þeir leika kraftknattspyrnu sem kann að duga þeim í byrjun en alls ekki þegar fram í sækir.

töluverða breidd svo ekki sé talað um hefðina. Það eru nýir vinklar hjá ÍBV, afar farsæll leikmaður úr enska boltanum, Hermann Hreiðarsson, hefur tekið við liðinu og svo hefur hann fengið fyrrum landsliðsmarkvörð Englendinga, James, í markið. En mér segir svo hugur að önnur lið gætu verið að narta í hælana á þessum tveimur, jafnvel sigrað. Þetta eru Stjarnan, KR, Valur og Fram svo líklega verður þetta afar skemmtilegt sumar í efstu deild karla. Mitt lið, Víkingur Reykjavík, leikur í 1. deild, en nú er stefnan ákveðið tekin upp í efstu deild, og ég spái því að það ræstist.

liðið og hann virðist hafa komið inn hjá þeim óbilandi sjálfs- trausti. Það fleytir þeim eflaust langt. FH gæti verið að ógna því að Íslandsmeistarabikarinn fari til Vestmannaeyja, og svo held ég að Fram komi sterkar inn nú en oft áður. Þeir hafa alla veganna byrjað mun betur en undanfarin ár og það verður enginn fallslagur hjá þeim, heldur miklu frekar topp- barátta.

um framhaldið. Það var svaka leikur milli KR og Stjórnunnar og það gæti svo farið að það lið sem tapaði þeim leik, Stjarnan, muni lenda í einhverju basli í deildinni. En þetta verður fyrst og fremst skemmtilegt knattspyrnusumar.



Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður verkalýðsfélagsins Framsýnar á Húsavík:
„Þetta verður gott mót, einhvern veginn leggst þetta þannig í mig. Ég held að léttleikandi lið



Gunnlaugur Júlíusson, hagfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga:
„Þetta verður barátta milli FH og ÍBV, fyrstu leikir þessara liða sannfæra mig um það. FH-ingar eru með afar sterkan bakgrunn,



Stella Sigurðardóttir, Íslandsmeistari í handknattleik kvenna með Fram:
„Ég held að það verði ÍBV sem vinnur Íslandsmótið. Hemmi Hreiðars er að gera fína hluti með



Willum Þór Þórsson, framhaldsskólakennari og alþingismaður:
„Þetta verður mikil barátta milli KR, FH og Breiðabliks. FH og Breiðablik eru lengur kominn enda hafa verið minni breytingar hjá þeim liðum milli leiktímabilanna. Þetta verður annars afar jöfn deild, jafnvel jafnari en nokkru sinni fyrr, en úrslit í fyrstu umferðunum munu ráða miklu



Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi og formaður borgarráðs:
„Það er langlíklegast að það verði Fylkir, þeir taka þetta núna, enda svo sannarlega kominn tími á það. Liðin sem gætu verið að narta þá í hælana eru KR og FH, en annars verður þetta jafnt mót. Það verður gaman að fylgjast með Brynjari Birni sem kominn er aftur í KR-liðið eftir atvinnumennsku á Norðurlöndunum og Englandi, og það sama má segja Veigar Pál hjá Stjórnunni. Þessir leikmenn verða áberandi í sumar.“

Fremur litlar breytingar á leikmannahópi KR

Breytingar á liði KR í PEPSI-deild karla eru ekki mjög miklar frá Íslandsmóti 2012, og það ætti að þetta hópinn ef eitthvað er. Nokkrir leikmenn KR hafa leikið vel yfir 100 leiki í efstu deild og það er einmitt á þeim sem leikur liðsins mun fyrst og fremst mæða á, ef að líkum lætur. Leikjahæstur er Grétar Sigfinnur Sigurðarson með 179 leiki fyrir leikinn í kvöld, fimmtudag, gegn Þór, Bjarni Guðjónsson með 162 leiki og Baldur Sigurðsson með 135 leiki. En KR á einnig marga unga og efnilega leikmenn sem vilja ólmir fá að spila með meistaraflokki félagsins. Það skýrist hversu fast þeir banka á dyrnar.

- FARNIR:**
Fjalar Þorgeirsson í Val
Magnús Már Lúðvíksson í Val
Rhys Weston í Sabah í Malasíu
Viktor Bjarki Arnarson í Fram.
- KOMNIR:**
Andri Ólafsson frá ÍBV
Brynjari Björn Gunnarsson frá Reading í Englandi
Davíð Einarsson frá Hetti á Egilsstöðum (úr láni)
Egill Jónsson frá Selfossi (úr láni)
Óskar Örn Hauksson frá Sandnes Ulf (úr láni)
Torfi K. Ólafsson frá Víkingi Ólafsvík (úr láni).

Lúðvíki Júlíusi liðsstjóra þökkuð frábær og óeigingjörn störf fyrir KR

Fyrir leik KR og Stjórnunnar í PEPSI-deild karla 5. maí sl. afhenti Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnueldar KR, Lúðvíki Júlíusi Jónssyni viðurkenningu fyrir langan og farsælan feril sem liðsstjóri í meistaraflokks karla. Lúðvík var liðsstjóri meistaraflokks karla frá 1996 en var liðsstjóri hjá yngri flokkum KR í sjö ár þar á undan. Lúlli hefur verið liðsstjóri í 675 opinberum leikjum meistaraflokks á 17 árum en það er næstum þriðjungur allra opinberra leikja í rúmlega aldarlangri sögu meistaraflokks karla. Það er alveg ómetanlegt þegar íþróttafélag hefur slíkan starfskraft innan sinna raða.



Kristinn Kjærnested afhendir Lúlla liðsstjóra viðurkenningavottinn.

Mætum á völlinn í sumar og styðjum KR til sigurs!

ÞÚ FÆRÐ KR FÖTIN ÞÍN HJÁ OKKUR

KR KEPPNISTREYJA
Verð: 7.990



KR KEPPNISSOKKAR
Verð: 1.990

KR KEPPNISSTUTTBUXUR
Verð: 3.990

KR ÆFINGABUXUR
Verð: 8.990

KR ÆFINGAPEYSA
Verð: 8.990



ÁRMÚLI 36
108 REYKJAVÍK
S: 588 1560

Jói útherji
www.joiutherji.is

Kór Neskirkju:

Tvennir tónleikar í Neskirkju og tónleikar fyrir vestan og norðan



Stúlnakór Neskirkju tekur þátt í fyrri tónleikunum í Neskirkju.


Kór Neskirkju verður með tvenna tónleika á næstunni. Fyrri tónleikarnir eru 30. maí en þar syngja þeir Asgeir Trausti og Steini í Hjálmmum með Kór Neskirkju og Stúlnakór Neskirkju en þeir Asgeir Trausti og Þorsteinn eru náfrændur Steingrims Þórhallssonar kórstjóra og organista Neskirkju en hann fékk þá til þessa samstarfs og útsetti lög þeirra svo kórarnir gætu sungið með.

Þar má nefna lög eins og Dýrð í dauðabögn, Hljóða nótt, Nýfallið

regn og Vísa úr Álftamýrinni. Það verður spennandi að sjá hvort áheyrendum líki þessi vinsælu lög í nýjum útsetningum og með þátttöku kóranna.

Vikunni seinna, eða fimmtudagskvöldið 6. júní, heldur Kór Neskirkju vortónleika í Kristskirkju. Þessir tónleikar marka í raun upphafið að tónleikaferð sem kórinn heldur í daginn eftir tónleikana en förlinni er heitið til Hólmavíkur og í Húnaþing. Haldnir verða þrennir tónleikar á ferðalaginu, í Hólmavíkurkirkju,

í Hvammstangakirkju og í Þingeyrarkirkju. Á efnisskránni kennir margra grasa. Kórfélagar eru sammála um að efnisskráin hafi aldrei verið fallegri og hafa þeir þegar tekið ástfóstri við mörg verkanna. Þar má nefna Faðir vor við lag Björgvins Guðmundssonar, Sál 131 við lag Trygva M. Baldvinssonar, Vogleði Hildigunnar Rúnarsdóttur, The lamb eftir Tavener, Ubi Caritas eftir Ola Gjeilo og svo mætti lengi telja.



Ný gleraugu

Einstök hönnun og fallegir litir
Veldu gæði og gott verð

facebook.com/linsan.is

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055

Vorhátíð sunnudagsskóla Neskirkju í blíðviðri

Vorhátíð sunnudagsskólans í Neskirkju var sl. sunnudag, 12. maí. Hún hófst með fjölskylduguðsþjónustu í kirkjunni þar sem sóknarprestur Neskirkju sr. Örn Bárður Jónsson þjónaði fyrir altari.

Dagskrá stundarinnar var í umsjón æskulýðsprests Neskirkju, sr. Sigurvin Jónsson, og NeDó-leiðtogar aðstoðuðu auk þess sem

barnakór Neskirkju og Stúlnakór Neskirkju sungu. Í lok guðþjónustunnar var boðið upp á pylsur í kirkjugarðinum og Örkin hans Nóa stóð á túninu sem kastali til að hoppa í fyrir yngstu þátttakendurna.



NeDó-hópurinn framan við altari kirkjunnar.

Sumar er Sangría

Komdu á Tapas barinn og smakkaðu á sumrinu.

Ísköld Sangría, stútfull af ferskum ávöxtum með Fresita jarðaberjafreyðivíni, appelsínusafa og leyniblöndu af sterku áfengi og líkjörum.

Glas 1.190 kr.

Kanna, 1 l 3.190 kr.

Láttu það eftir þér, vertu frjáls, njóttu lífsins.



RESTAURANT-BAR
Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík
Sími 551 2344 | www.tapas.is

Sumarstarf Tíu12 ára í Frostaskjóli að hefjast

Sumarstarf Tíu12 ára hefst í Frostaskjóli þann 10. júní nk. og stendur til 5. júlí. Námskeiðið er í fjórar vikur og er boðið upp á fjölbreytta dagskrá allar vikurnar.

Dagskráin var ákveðin í samráði við nemendaráð

Tíu12 sem var starfrækt nú í vetur. Farið verður á kajak, sundferð í Álftanes og bæjarferð til Hveragerðis, svo eitthvað sé nefnt.



Þessir strákar eru líklegir til að taka þátt í sumarstarfinu. F.v.: Ásgeir Beinteinn, John Sebastian og og Deivs Andrejs.



Þær Sólrún Garðarsdóttir og Nanna Karlsdóttir, sem eru í 7. bekk, sýndu góða takta í billjard í Frostaskjóli.

Celsus og Græn heilsa styrktu sýningu

Anna Björg Hjartardóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Celsus hjúkrunar og heilsuvörur ehf. og Grænnar heilsu á Ægisíðunni afhenti styrktarframlag til alþjóðasýningarinnar „Frá stríðsmenningu til friðarmenningar“ sem haldin var í Ráðhúsi Reykjavíkur í aprílmánuði.

Styrkurinn, 220 þúsund krónur, var hluti af hverri seldri Lifestream vöru í aprílmánuði. Sýning þessi hefur verið sett upp af Sameinuðu þjóðunum og víða um heim en hér voru það friðar og menningarsamtökin SGI-Ísland

sem stóð að allri framkvæmd.

Anna Björg ákvað að styrkja sýninguna því það er markmið hennar að styðja að Ísland verði kjarnorkuvopnalaust land og hafsvæði ásamt því að friðarsáttmáli í anda mannréttindasáttmálans verður gerður. Lifestream eru leiðandi fyrirtæki í fæðubótarefnum vegna hreinna lífrænna innihaldsefna og hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir gæði. Anna Björg segist óska öllum Vesturbæingum gleðilegs sumars og góðrar heilsu.

Félagsmiðstöð á hjólum

- nýtt verkefni á vegum félagsmiðstöðvarinnar Frosta

Verkefni Frosta, félagsmiðstöð á hjólum, felst í því að starfsmenn ferðast um á sendibíl þar sem í skottinu er að finna helstu grunnafþreyingartæki sem finna má í flestum félagsmiðstöðvum sem og önnur leiktæki sem eiga vel við á sumrin.

Bíllinn hefur sína föstu þrjá staði í viku þar sem hann verð-

ur staðsettur á ákveðnum tíma en inn á milli þess getur hann sprottið upp hvar sem er og hvenær sem er. Hugmyndin er að hafa færanlega félagsmiðstöð og markmiðið er að nálgast þá krakka sem ekki eru að nýta sér félagsmiðstöðina á sumrin sem og að nálgast krakkana í þeirra umhverfi.

Bíllinn verður starfræktur á

mánudögum og miðvikudögum frá kl. 09:00 - 16:00, þriðjudag- og fimmtudaga frá kl. 14:00 - 22:00 og á föstudögum frá kl. 09:00 - 13:00. Fastir staðir verða í Nauthólsvík á mánudögum frá kl. 12:00 12:00 - 14:00, við Miklartún á miðvikudögum frá kl. 14:00 - 16:00 og bak við Vesturbæjarlaug á fimmtudögum frá kl. 14:00 - 16:00.

FISKISÚPA **FÆST Í NÆSTU VERSLUN**

Líður þér illa í hjartanu?
1717
opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

90^{ára}
1923-2013 BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

SUMARLESTUR

Sumarlesturinn fer á fulla ferð í byrjun júní. Börnin fylla út þáttökuseðil eftir hverja lesna bók. Í sumarlok verður dregið úr öllum seðlum og heppnir lestrarhestar fá verðlaun. Hringt verður í vinningshafa. Í samstarfi við Forlagið og Bókmenntaborgina.

RITSMÍÐJA fyrir 8-12 ára

Vikuna 10.-14. júní kl. 10-12 í aðalsafni. Áhersla er lögð á skapandi skrif barnanna sjálfra og þeim til aðstoðar verða rithöfundar og starfsmenn safnsins. Einnig í boði í öðrum söfnum Borgarbókasafns. Skráning á heimasíðu, í tölvupósti eða í safninu. Ekkert þáttökugjald.

Aðalsafn
Borgarbókasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15
sími 411 6100, upplýsingar@borgarbokasafn.is
Opið: Mán-fim: 10-19, Fös: 11-18, lau-sun: 13-17

www.borgarbokasafn.is
www.bokmenntir.is - www.bokvit.tumblr.com - www.artotek.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Alúð - virðing - traust
Áratuga reynsla

Suðurlíð 35, Rvk • www.utfarin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn
Komum heim til
aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkygningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfarastofa.is
Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

895 8298

borgarblod@simnet.is

Heimasíða: borgarblod.is

Næstum mennsk:

Íslensk myndasaga eftir ungan Vesturbæing

Bókin *Næstum Mennsk* er fyrsta bók Ísoldar Ellingsen Davíðsdóttur uppeldisfræðinema. Ísold er uppallinn í Vesturbænum, gekk í Hagaskóla og sótti æskulýðsstarf í Neskirkju. Byggir hún persónur bókarinnar á vínahóp sínum úr því starfi, og hefur meira að segja málað þær á vegg æskulýðsherbergis Neskirkju. Hún gefur bókina út sjálf undir merki Aparass Comix. *Næstum mennsk* er glæný, rammíslensk, æsispennandi og gamansöm myndasaga sem hentar eldri sem yngri lesendum.



Bókakápan.



Myndirnar á vegg æskulýðsheimilis Neskirkju.

Toji er útvalinn Ninja lærlingur frá Japan, sem spáð hefur verið að muni stöðva heimsendi. Píla og Snúður (ekki þeirra raunverulegu nöfn) eru geimverur af heimilislausu eðlukyni, sem sjá jörðina sem mögulegan framtíðardvalarstað. Mío er nýfallinn engill í tilvistarkreppu. Gúrka er varúlfur sem ólst upp í óbyggðum Íslands í félagsskap álfkonunnar Emblu. Sagan fjallar um hvernig leiðir þeirra lágu saman í fyrsta sinn með afdrifaríkum afleiðingum fyrir mannkynið – og alla hina.

Ísold hefur skrifað vefstrípur um aðalpersónur bókarinnar með

hléum síðan árið 2007 við góðar undirtektir, en eftir tveggja ára vinnu (meðfram öðrum störfum) gefur hún nú út sína fyrstu sögu í fullri lengd. Hún hefur þó ásamt bróður sínum, Núma Davíðssyni, 21. árs listnema, skrifað myndasögur síðan hún man eftir sér, og eru þau örugglega ekki hætt. Númi vann hluta mynda bókanna í sameiningu við systur sína.

- En af hverju myndasögur, Ísold?

„Því þær eru osom! Það voru alltaf til myndasögur heima, afi minn er myndasöguhöfundur og þetta var því mikið í kring um mig. Ég hef verið að teikna síðan

ég man eftir mér! Fyrstu myndasögurnar sem ég á eftir mig eru ekki með texta, þannig að sennilega var ég byrjuð að teikna myndasögur áður en ég lærði að skrifa.”

- Hver var innblásturinn að þessari sögu?

„Ástæðan fyrir því að ég skrifaði þessa myndasögu er að þegar ég fór í nám til Svíþjóðar um tveggja ára skeið, þegar ég var 17 ára, þurfti ég að gera listrænt útskriftarverkefni, beinast lá við

að gera myndasögur. Þegar ég byrjaði að teikna urðu persónurnar svo óvart að þeim vinum mínum sem ég saknaði mest heima, og útfrá þeim urðu þessar persónur til. Útfrá persónunum kom svo þessi saga.”

- En af hverju urðu vinir þínir að furðuverum í þínum huga?

„Það eiginlega gerðist bara óvart, ætli þeir séu ekki svona furðulegir,” segir Ísold sem segir bókina fást í helstu bókaverslunum og nördaverslunum.

Söfnuðu peningum til styrktar fátækum



Þær Ellen, Steinunn og Hekla mega svo sannarlega vera ánægðar með framtakið.

Sunnudaginn 5. maí sl. gengu 3 vaskar 6 ára stelpur, Ellen, Steinunn og Hekla, í hús á Grenimel og söfnuðu peningum til styrktar fátækum. Þær söfnuðu 5.398 krónum sem þær skiluðu til Rauða kross Íslands. Frábært, stelpur!

SUMARSMIÐJUR 2013

BÖRN FÆDD 2000-2002

Tíu12 verður starfrækt í fjórar vikur í sumar frá 10. júní til 5. júlí. Athugið að skrá þarf á hverja smiðju fyrir sig. Smiðjurnar verða starfræktar kl. 10:00 – 12:00, 13:00-15:00 eða 10:00-15:00 alla virka daga og þurfa krakkarnir að koma með nesti og vera klædd eftir veðri.

Húsið opnar kl. 9 á morgnana og er börnunum velkomið að koma þá í hús og bíða þar til dagskrá hefst.

DÆMI UM SMÍÐJUR:

Hvalaskoðun-Sælgætisgerð
Sund í Álftanes-The Art of
Grilling-Golf, fótabað og
sund-Kökusmiðja-Fimo leir



Athugið fjöldatakmörkin á hverja smiðju.

Við hvetjum ykkur til þess að sýna krökkunum hvaða smiðjur eru í boði því allir ættu að geta fundið sér margt skemmtilegt að gera í sumar.

Skráning er bindandi.

Verð í smiðjurnar er 600 kr. eða 1200 kr.

Skráning hefst 15. maí á rafrænni reykjavík www.rafraenreykjavik.is

Miðstigráð Frosta kom að smiðjuvinnu sumarsin 2013. Nánari upplýsingar í síma 411-5700 og www.frostaskjol.is





FUGLASKOÐUN Á SELTJARNARNESI



SELTJARNARNESBÆR

LAUGARDAGINN 18. MAÍ
NÆSTKOMANDI VERÐUR FARIÐ
Í FUGLASKOÐUN UM SUÐURNES
SELTJARNARNESS

Lagt verður af stað frá fuglaskilti við Bakkatjörn kl. 13:00 og gengið um Bakkagrannann og Bakkatjörn og hring um Suðurnes.

Leiðsögumaður verður Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndar.

Við hvetjum áhugafólk og aðra náttúruunnendur til að mæta og skoða fuglalíf á Seltjarnarnesi í byrjun sumars.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness



Komið með kíkí, Jóhann Óli verður með fjarsjá meðferðis

B. Markan ehf. Pípulagnir
660 6690 • 544 8611



lagnir@bmarkan.is

Skólp og drenlagnir í yfir 20 ár
Meistaraábyrgð og 50 ára ending
www.bmarkan.is

Vesturbæjarblaðið www.borgarblod.is



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Aldrei fleiri þátttakendur á kvikmyndahátíð grunnskólanna

TAKA 2013 - kvikmyndahátíð grunnskólanna í Reykjavík – var haldin í Bíó Paradís 8. maí sl. Þetta er elsta kvikmyndahátíð hér á landi og er hún nú haldin í 32. sinn.

Hátt í fjögur hundruð grunnskólanemar hafa unnið að þeim áttatíu myndum sem kepptu til verðlauna á hátíðinni og er það metþátttaka. Athygli vakti hver-su margar leiknar stuttmyndir kepptu í flokki unglunga og eins hve margar myndir voru vel gerðar tæknilega. Það sem þær allar eiga sameiginlegt er að þær endurspeglar mikinn áhuga barna og unglunga á kvikmyndamiðlinum, hugmyndaauðgi og svellandi sköpunargleði. Þrjár bestu myndirnar í hverjum flokki fengu viðurkenningu, hið eftirsóttá Klappré.

Þær myndir nemenda í Vesturbæ og Miðbæ sem fengu hið eftirsóttá Klappré í verðlaun voru heimildarmynd í eldri flokki sem



Full ástæða til að brosa þegar tekið er við Klapprénu fyrir leiknu myndina Mrs. Miller.

nefnist Birta eftir Sóleyju Önnu Benónýsdóttur í Austurbæjar-skóla og heimildarmynd í yngra

flokki sem nefnist Eineltisrapp eftir Ásgeir Beintein Árnason í Vesturbæjar-skóla.

Gott eftirlit með leiksvæðum barna í Reykjavík

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar telur að öryggisskoðun á leiksvæði barna í Reykjavík sé í góðu lagi. Tilfni þess að öryggisskoðunin berst í tal er að full-yrst er í Fréttablaðinu nýverið að öryggisskoðun leiksvæða barna sé víðast hvar í skötulíki.

En þetta á ekki við rök að styðjast varðandi leiksvæði í Reykjavík en fréttin birtist 10. maí sl.

Rósa Magnúsdóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar segir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur annast eftirlit með öryggi á leiksvæðum barna í Reykjavík. Ef heilbrigðisfulltrúi meti ástand leiksvæðis hættulegt eru gerðar kröfur um tafarlaugar úrbætur.



Leiksvæði í Vesturbænum.

Einnig eru gerðar kröfur um innra eftirlit á leiksvæðum samkvæmt reglugerð.

Rekstraraðilar eru ábyrgir fyrir innra eftirliti leiksvæða. Skólastjórar í grunn- og leikskólum bera ábyrgð á daglegri yfirlits-

skoðun sem felst m.a. í því fjarlægja hættulega hluti, sópa stéttar og fylgjast með því að öllu sé óhætt. Rekstrarskoðun umsýjónaraðila skal fara fram á þriggja til fjögurra mánaða fresti þar sem viðhaldi er sinnt. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer a.m.k. árlega í eftirlit til að framfylgja reglum um öryggi leiksvæða. Eftirlit með öryggi barna á leiksvæðum í Reykjavík er talið gott þrátt fyrir að aðalskoðun fari ekki fram árlega á öllum leiksvæðum í borginni. Rósa Magnúsdóttir segir því fréttina í Fréttablaðinu gefa lesendum ranga hugmynd um ástand öryggismála á leiksvæðum.

Upptaktur:

Ásrún Kristjánsdóttir sýnir ný málverk í Gallery Bakarí

Upptaktur nefnist listasýning Ásrúnar Kristjánsdóttur sem var opnuð á uppstigningardag í Gallery Bakarí að Bergstaðastræti 14. Sýningin stendur til 23. maí nk.

Ásrún Kristjánsdóttir lærði í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk framhaldsnámi frá Konstfackskolan í Stokkhólmi árið 1976. Ásamt fleira myndlistarfólki kom hún að rekstri galleríanna Sólun Islandus, Langbrók og Gangskör sem stóðu fyrir öflugri sýningarhaldi á árunum um og upp úr 1980. Framan af vann Ásrún einkum silkiþrykk og meðfram myndlistinni hefur hún unnið mikið að hönnun og málefnum hönnuða. Ásrún hefur líka málað talsvert og sýnir nú ný málverk, unnin á síðust þremur árum. Í þessum verkum má segja að hún horfi aftur til þeirrar myndhugsunar sem hún fékkst við á námsárunum und-



Ásrún Kristjánsdóttir við þrjú verka sinna á sýningunni.

ir handleiðslu kennara á borð við Kurt Zier og Hörð Ágústsson. Málverkin eru formræn og áhersla lögð á hrynjandi bæði forma og lita. Þótt myndirnar séu abstrakt og nærtækt sé að

tengja þær við strangflatarmálverkið sem hafði mikil áhrif á myndlist hér á sjötta áratugnum er þannig í þeim mikil hreyfing sem kviknar af samspli litanna.

Nýr og spennandi matseðill

Steikur, hamborgarar, samlokur, pítur, pizzur og smáréttir

Komdu við og njóttu ljúffengra
veitinga í vinalegu umhverfi á
Hróa Hetti, Hringbraut 119

Við sendum
einnig heim
ljúffengan mat
af grillinu



30

tommu

RISAPIZZA

í barnaafmælið

-slær alltaf í gegn!



HRÓI HÖTTUR • HRINGBRAUT 119 • SÍMI 55 44 444

GLEÐILEGT SUMAR

MEÐ TUDOR



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?



Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu og þakmálun.

Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur

Golfnámskeið

- Byrjendanámskeið
- Stuttaspilsnámskeið
- AimPoint námskeið



AimPoint

Nánari upplýsingar á www.nggolf.is

HÁGÆÐI.IS

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSLAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

Guðmundur Ingólfsson með ljósmyndaleiðsögn:

KVOSIN 1986 & 2011



Guðmundur Ingólfsson.

Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari veitti gestum leiðsögn um sýningu sína „Kvosin 1986 & 2011,“ sem lauk um síðustu helgi. Sýningin, sem er samstarfsverkefni Ljósmyndasafns og Minjasafns Reykjavíkur, var byggð á myndum sem hann tók með 25 ára millibili.

Myndirnar tók Guðmundur fyrst árið 1986 í tilefni af 200 ára afmæli Reykjavíkur sem ýtti undir áhuga hans að skrasetja miðbæinn með markvissum hætti – á slóðum forvera hans og starfsbræðra, Sigfúsar Eymundssonar og Magnúsar Ólafssonar, sem skrasettu svæðið um hundrað árum fyrr. Þegar ljósmyndum



Steindórsplan var áberandi kennileiti í Kvosinni fyrr á árum.

Guðmundar frá þessum tvennu tímum er stillt saman birtast okkur þær breytingar sem orðið hafa í miðbænum. Að öllu jöfnu teljum við að umhverfi Kvosarinn-

ar standi í stað sem alls ekki er raunin þegar betur er að gáð. Hús hafa horfið, önnur verið byggð og götur og kennileiti breyst.

Foreldrar verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannaferi utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfs hópur um forvarir

SAMAN



Ríkislögreglustjórnin

Eva Hannesdóttir íþróttakona KR

- Hannes Þór Halldórsson íþróttamaður KR

Á aðalfundi KR fyrir skömmu var Eva Hannesdóttir valin íþróttakona KR 2012-2013. Eva keppti í boðsundsveit Íslands sem varð í 16. sæti á Ólympíuleikunum sl. sumar og í 4. sæti á EM 2013.

Hannes Þór Halldórsson knattspyrnumarkmaður var útnefndur íþróttamaður KR. Þetta er 4. árið í röð sem íþróttakona KR kemur úr sunddeildinni. Ragnheiður Ragnardóttir hlaut þennan titil 2010, 2011 og 2012. Eva Hannesdóttir dvelur í Bandaríkjunum, er að ljúka þar háskólanámi við James Madison háskólann í Virginia. Hún var útnefnd íþróttakona háskólans þetta ár. Alexander Jóhannesson var útnefndur sundmaður KR af sunddeild félagsins.



Eva Hannesdóttir.

Kvennaráð KR stofnað

- byggja á aftur upp stolt Vesturbæinga

Síðasta haust gerðist það sem hafði ekki gerst síðan um miðjan sjöunda áratuginn (eða 1977), að meistaraflokkur kvenna í KR féll úr efstu deild og leikur því í sumar í 1. deild. Er hér um að ræða meistaraflokk kvenna sem árum saman hafi verið eitt sigursælasta lið Íslandssögunnar og fyrrum leikmenn KR hafa lengi verið uppistaðan í landsliði Íslands í knattspyrnu sem situr hátt í styrkleikalistum FIFA. Ef tímabilin fyrir fallið eru skoðuð sést það að liðið hafði verið að leika sér að eldinum og virtist það vera tímaspursmál hvenær liðið félli. Með þessu falli liðsins kristallaðist kannski stærra vandamál sem fellst í því að knattspyrnuviðkun kvenna hafði ekki fengið þá athygli innan KR sem og hún fékk áður.

Til að spyrna við þessu vandamáli þá tóku sig saman nokkrir áhugasamir aðilar og stofnuðu Kvennaráð Knattspyrnudeildar KR. Voru þetta að mestu foreldrar stelpna sem spiluðu í hinum ýmsu flokkum félagsins. Markmið Kvennaráðsins er að skapa góða og faglega umgjörð um allt starfið í kring um kvennaboltann. Kvennaráðið hefur umsjón með öllum flokkum kvennastarfsins og stefnir að því að byggja upp nýtt stórveldi.

„Meistaraflokkur kvenna spilar sinn fyrsta leik í 1. deild kvenna fimmtudaginn 23. maí nk. en þá taka þær á móti Grindavík í Frostakjólínu og hefst leikurinn klukkan 20.00. KR spilar í B-riðli fyrstu deild-



Þóra Passauer.

ar. Liðið er ungt að árum en þar eru einnig nokkrir reynsluboltar og hefur liðstyrkur verið sóttur til Karabíska hafsins en þaðan koma tveir nýjir leikmenn. Í tengslum við heimaleiki verður boðið upp á ýmsar nýjungar sem eiga eftir að koma skammtilega á óvart. Vesturbæingar eru hvattir til að mæta á völlinn og styðja stelpurnar í KR,” segir Þóra Passauer.



Bjarni Felixson er vel að þessum heiðri kominn.

Bjarni Felixson sæmdur heiðurskrossi Íþróttá- og Olympíusambands Íslands

Á setningarathöfn Íþróttá- og Olympíusambands Íslands voru fjórir einstaklingar kjörnir heiðursfélagar í Íþróttá- og Olympíusambandi Íslands en það voru þau Björg S. Blöndal, Logi Kristjánsson, Ríkhartur Jónsson og Stefán Runólfsson. Þrír einstaklingar voru sæmdir heiðurskrossi ÍSÍ en það voru þau KR-ingurinn Bjarni Felixson, Jensína Magnúsdóttir og Lovísa Sigurðardóttir.

Setningarathöfn þingsins var með hefðbundnum hætti þar sem

forseti ÍSÍ flutti setningarvarp og minntist þar sérstaklega látinna félaga. Í kjölfarið af ávarpi forseta flutti Sigríður Thorlacius söngkona tvö lög við undirleik Guðmundar Óskars Guðmundssonar. Formaður UMFÍ, Helga Guðrún Guðjónsdóttir, flutti þingfulltrúum kveðju ungmennafélagsreyfingarinnar og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ færði þinginu kveðjur frá Hr. Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands, Katrínu Jakobsdóttur mennta- og menn-

ingamálaráðherra og Ellert B. Schram heiðursforseta ÍSÍ en ekkert þeirra gat verið við þingsetninguna. Í samræmi við lög ÍSÍ voru fulltrúar íþróttamanna voru kosnir á þingið en það eru þau Þormóður Árni Jónsson júdómaður, Árni Þorvaldsson skíðamaður, Asgeir Sigurgeirsson skotíþróttamaður og Stefánía Valdimarsdóttir frjálsíþróttakona. Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ gaf kost á sér til áframhaldandi setu en ekki bárust önnur framboð til forseta sambandsins.

KR-SÍÐAN



Aðalfundur KR:

Gylfi Dalmann tók við formennsku af Guðjóni

Aðalfundur KR var haldinn í KR-heimilinu þriðjudaginn 23. apríl sl., og var vel sóttur. Um nokkurt skeið hafði legið fyrir að Guðjón Guðmundsson mundi láta af störfum eftir tíu ára farsælt starf sem formaður félagsins. Hann flutti með sér inn í aðalstjórn hið agaða verklag við stjórnun sem hann hefur gefið sig mjög að á undanförunum árum. Við þessi tímamót var honum þakkað fyrir framúrskarandi alúð og festu í starfi sem formaður.

Maður kemur í manns stað og á fundinum var kjörinn nýr formaður Knattspyrnufélags Reykjavíkur, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Gylfi á mikil og sterk tengsl við félagið sem ná áratugi aftur í tímann. Hann keppti í knattspyrnu með félaginu á sínum tíma og hefur ætíð síðan



Gylfi Dalmann Aðalsteinsson.

sýnt KR einstaka ræktarsemi. Í stjórn KR sitja auk Gylfa Dalmanns þau Magnús Ingimundarson, Helgi Kristófer Helgason, Elín Rósa Guðmundsdóttir, Árni Rúðolfsson, Guðbjörg Jónsdóttir og Páll Kolbeinsson.

Ólafur Brynjar Halldórsson sjálfboðaliði ársins



Ólafur Brynjar Halldórsson ásamt formanni KR, Gylfa Dalmanni Ármannssyni við afhendingu viðurkenningarinnar.

Á aðalfundi KR fyrir skömmu voru útnefndir nokkrir sjálfboðaliðar ársins 2012. Einn þeirra er Ólafur Brynjar Halldórsson, sem var útnefndur sjálfboðaliði meistaraflokks.

Ólafur Brynjar hefur verið óþreytandi að taka myndir af leikjum meistaraflokks karla og

kvenna í knattspyrnu auk þess að miðla ómetanlegum upplýsingum um alls kyns tölfræði. Slíkir menn eru KR alveg ómetanlegir. Vesturbæjarblaðið hefur stöku sinnum notið þessarar eljusemi Ólafs Brynjars í þágu lesenda blaðsins, og þá auðvitað ekki sist í þágu KR-inga.



GETRAUNANÚMER
KR ER 107

NÚ ER KOMIÐ AÐ ÍBÚUM Í

Vesturbæ



**PAPPÍR
ER EKKI RUSL**

AÐ HÆTTA AÐ HENDA PAPPÍR Í RUSLIÐ



Reykvíkingar hafa tekið breyttri sorphirðu opnum örmum. Fjöldi blárra tunna hefur **ríflega tvöfaldast** í borginni frá því verkefnið fór í gang. Nú er komið að Vesturbænum að hætta alfarið að henda pappír, pappa, dagblöðum, tímaritum, fernum og skrifstofupappír í almennar sorptunnur.

Pappír er verðmætt efni sem auðvelt er að nýta til hagsbóta fyrir umhverfið. Í stuttu máli: **Pappír er ekki rusl.**

*Betri borg
með bláum tönnum*

Fjöldi blárra tunna hefur tvöfaldast á síðustu fimm mánuðum

TVÆR LEIÐIR TIL AÐ LOSNA VIÐ PAPPÍRINN

BLÁ TUNNA

Þú pantar bláa tunnu á **pappirerekkirusl.is**, með símtali í **4 11 11 11** eða með tölvupósti á **sorphirða@reykjavik.is**. Við komum með bláu tinnuna til þín innan nokkurra daga.

GRENNDARGÁMAR

Á **pappirerekkirusl.is** finnur þú næsta grenndargám í þínu hverfi.

Allt um breytta sorphirðu í hverfinu þínu er að finna á

pappirerekkirusl.is



– Takk fyrir að flokka!



Reykjavíkurborg

SORPA